

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

108. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 30. ágúst 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012:
3. Vegagerðin – niðurfelling vega af vegaskrá:
4. Samningar vegna snjómoksturs:
5. Fjárhagsstaða – yfirlit:

Til kynningar:

- a) Velferðarvaktin:

Mætt: Ólína Arnkeldsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Guðrún Tryggvadóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Sigurður Skúlason í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar og Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 5. lið; Umsókn um rekstrarleyfi – Gerði-gistiheimili og undir 6. lið; Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Skógum, aðrir liðir færast því neðar á dagskrána sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012. Guðrún gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samkvæmt tillögu nefndarinnar 1. til 6. lið fundargerðarinnar.

Varðandi 7. lið; breytt lega reiðleiðar um Skóga, gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við umrædda breytingu en felur skipulagsfulltrúa að láta gera breytingu á viðkomandi

aðalskipulagsupphætti sem verði síðan lagður fyrir sveitarstjórn ásamt rökstuðningi fyrir breytingunni áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. Vegagerðin – niðurfelling vega af vegaskrá:

Lögð fram tilkynning frá Vegagerðinni um niðurfellingu vega af vegaskrá. Með vísan í gildistöku vegalaga nr. 80/2007, falla eftirfarandi vegir ekki undir skilgreinda þjóðvegi: hluti Hjallavegar og vegir að Holti, Tröð, Skólastjórabústað (Gerði) og Hólabraut. Mun því Vegagerðin hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á umræddum vegum frá og með 1. janúar 2013.

Sveitarstjórn gerir þá athugasemd að „hluti Hjallavegar“ falli út af vegaskrá þar sem sá hluti lendir á milli héraðsvega sem Vegagerðin viðheldur og þjónustar.

4. Samningar vegna snjómoksturs:

Samningar vegna snjómoksturs í Þingeyjarsveit teknir til umræðu. Ólína og Eiður yfirlit fundinn undir þessum lið vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við snjómokstursmenn.

5. Umsókn um rekstrarleyfi – Gerði-heimagisting:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um nýtt rekstrarleyfi fyrir Ragnheiði Árnadóttur til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga í Gerði-heimagisting.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Skógum:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi fyrir Gamla barnaskólann, Skógum. Leyfishafi verður Valgerður H. Bjarnadóttir í stað Agnesar Þ. Guðbjartsdóttur.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

7. Fjárhagsstaða – yfirlit:

Frestað til næsta fundar.

Til kynningar:

b) Velferðarvaktin:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50

Ólína Arnkelsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Guðrún Tryggvadóttir

Eiður Jónsson

Sigurður Skúlason